

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bakvarðasveit skóla- og frístundasviðs sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. nóvember 2020:**

Í ljósi ástandsins vegna Covid-19 má búast við aukinni þörf fyrir kennara og starfsfólk til afleysinga og aðstoðar í skólum borgarinnar. Ein af þeim leiðum til að tryggja nægjanlega mönnun í skólunum gæti verið að koma á fót bakvarðasveit. Því er lagt til að komið verði upp bakvarðasveit kennara, leikskólakennara, tólstundafræðinga og almennra starfsmanna sem grunnskólar, leikskólar og frístundaheimili geta leitað til ef á þarf að halda vegna kórónuveirufaraldursins. Fyrirmynd slíkrar bakvarðarsveitar er sótt til velferðarsviðs og heilbrigðisstofnana í landinu. Til að tryggja að hægt verði að halda sem mest óskertu skólastarfi ef forföll verða vegna faraldursins og til að mæta þörfum skólanna vegna sóttvarnaraðgerða er mikilvægt að bakvarðasveit sé til staðar. Hvetja má alla kennaranema, kennaramenntaða einstaklinga sem hafa sinnt öðrum störfum en kennslu, þá sem eru án atvinnu og eins þá sem komnir eru á eftirlaunaaldur til að skrá sig í bakvarðasveitina til að sinna tímabundið afleysingum, hvort heldur er í fullu starfi, hlutastarfi eða tímavinnu eða eftir aðstæðum hverju sinni. Þá má hvetja fólk sem hefur reynslu af öðrum störfum sem tengjast skólastarfinu jafnframt til að skrá sig í bakvarðasveitina. Mikil þekking og reynsla felst í þessum mannaði sem gæti nýst vel á þessum erfiðu tímum. Samstaða og skilningur á þessum breytilegu tímum skiptir öllu máli og leita verður allra lausna til að halda skólastarfi gangandi og óskertu með hagsmuni og velferð nemenda að leiðarljósi.